

**Fundargerð 3. fundar  
Framkvæmda- og skipulagsráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
18. september 2018 , kl. 17:20.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson formaður, Reynir Þór Ragnarsson aðalmaður, Kristinn Halldórsson varaformaður, Davíð Ásgeirsson aðalmaður, Jón Sigurðsson áheyrnarfulltrúi, Hannes Jón Jónsson varamaður, Jón Ben Einarsson skipulags- og byggingarfulltrúi, Einar Friðrik Brynjarsson umhverfisfulltrúi, .

**Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Laufey Erlendsdóttir boðaði forföll og sat Hannes Jón Jónsson varamaður fundinn í hennar stað.

Gestir fundarins undir máli 1 og 2 voru Helga Bragadóttir og Birkir Einarsson frá Kanon arkitektum.

**1. Verndarsvæði í byggð - 1806563**

Kanon arkitektar kynna tillögu að verndarsvæði í byggð í Sandgerð.

*Samþykkt að vísa tillögunni til kynningar hjá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.*

**2. Deiliskipulag: Garðskagi - 1809067**

Kanon arkitektar kynna frumdrög af deiliskipulagi á Garðskaga.

*Ákveðið að vinna áfram að tillögunni.*

**3. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024:Tillaga að breytingu 2018 - 1806469**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 lögð fram.

*Ráðið samþykkir að auglýsa tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**4. Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar:Tillaga að deiliskipulagi 2018 - 1806454**

Tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Sandgerðisvegar lögð fram.

*Ráðið samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Sandgerðisvegar samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**5. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030 - 1806177**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 lögð fram til umsagnar.

*Ráðið gerir ekki athugasemdir við breytingartillögu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.*

**6. Deiliskipulag á Keflavíkurflugvelli - Vestursvæði - 1809068**

Tillaga að deiliskipulagi á vestursvæði Keflavíkurflugvallar lögð fram til umsagnar.

*Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Keflavíkurflugvallar - Vestursvæði.*

**7. Sjónarhóll 10: umsókn um lóð - 1809028**

Jóhanna Halldórsdóttir sækir um lóðina Sjónarhól 10. Umsækjandi hafði áður fengið lóðinni Þinghól 2 úthlutað en óskar um leið eftir að skila þeirri lóð til baka.

*Samþykkt*

**8. Suðurgata 20: umsókn um byggingarleyfi: viðbygging við bílgeymslu - 1806550**

Eigandi fasteignar sækir um byggingarleyfi vegna stækkunar á bílgeymslu. Samþykki nágranna fylgir með erindinu.

*Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.*

**9. Heiðarholt 8: umsókn um byggingarleyfi: viðbygging - 1809053**

Eigandi fasteignar óskar eftir leyfi fyrir byggingu sólstofu á suðurhlið hússins.

*Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform sem eru í samræmi við gildandi deiliskipulag. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.*

**10. Stafnesvegur 14: umsókn um byggingarleyfi - 1809029**

Eigandi fasteignar sækir um leyfi til að fá að breyta bílgeymslu í íbúðarherbergi. Samþykki nágranna fylgir erindinu.

*Samþykkt. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.*

**11. Breiðhóll 1: umsókn um byggingarleyfi - 1808078**

Lóðarhafi sækir um byggingarleyfi til byggingar á einbýlishúsi skv. meðfylgjandi gögnum.

*Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.*

**12. Gauksstaðavegur 6a: umsókn um stöðuleyfi - 1809094**

Eigandi Gauksstaðavegs 6a óskar eftir stöðuleyfi fyrir gám vegna endurbyggingar húss.

*Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.*

**13. Brimklöpp 11: umsókn um lóð - 1809095**

Jóhann Kristján Arnarsson sækir um lóðina Brimklöpp 11

*Samþykkt*

**14. Brimklöpp 2: umsókn um lóð - 1809096**

Karl Júlíusson sækir um lóðina Brimklöpp 2

*Samþykkt*

**15. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035**

Minnisblað frá VSÓ Ráðgjöf lagt fram til umræðu.

*Lagt fram til kynningar og áfram verður unnið að málinu í samræmi til umræður á fundinum.*

**16. Sameinað sveitarfél. Garðs og Sandgerðis: umhverfisstefna - 1806561**

3. fundur Framkvæmda- og skipulagsráðs  
19.09.2018

Drög að umhverfis- og loftlagsstefnu sameinaðs sveitarfélags lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar*

**17. Framkvæmdaráætlun verklegra framkvæmda 2018 - 1808043**

Framkvæmdir sem verið hafa í vinnslu og eru framundan kynntar fyrir ráðinu.

*Lagt fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 19:00.

---

---